

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldi Austfjarða hf. Reyðarfjörður (innra svæði)



Dags eftirlits	3.9.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristinsdóttir
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjarða hf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Nesbala 122	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5204120930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ólöf Rún Stefánsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram í eftirlitinu en ein ábending var gerð: Vöktunaráætlun hefur ekki verið uppfærð og er rekstraraðila bent á að vöktunaráætlun samþykkt af eftirlitsaðila skal vera til staðar. Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða í innanverðum Reyðarfirði.

Fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða í Reyðarfirði er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 19. janúar 2012, breytt þann 25. ágúst 2020 og gildir til 31. janúar 2028.

Starfsleyfið tekur til framleiðslu á allt að 6.000 tonnum af laxi á ári.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

1. Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti  
Seiði voru sett út í september, október og nóvember 2022. Engar sýnatöku fóru fram árið 2023 þar sem hvorki var svæðið hvílt á árinu né hámarks lífmassa náð.

2. Eftirlitsmælingar og skráningar  
Ársyfirliti fyrir árið 2023 var skilað þann 26. apríl 2024. Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var skilað þann 30. apríl 2024. Útstreymisbókhaldi var ekki skilað sérstaklega en þær upplýsingar sem rekstraraðili þarf að skila, komu fram í grænu bókhaldi og teljast skilin því fullnægjandi.

Losun fosfórs má skv. starfsleyfi vera að hámarki 20,0 kg tonn af framleiddum fiski. Losunin árið 2023 var 7 kg/tonn af framleiddum fiski skv. grænu bókhaldi en skv. útreikningum eftirlitsaðila 7,1 kg/tonn af framleiddum fiski.

Framleiðsla árið 2023 var um 5.063 tonn sem er innan leyfilegra marka skv. starfsleyfi. Framleiðsla ársins 2024 var orðin 5.906 tonn í lok ágúst.

### 3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Engar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti.

### 4. Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti

Farið var yfir þær áætlanir rekstraraðila sem skulu vera til staðar. Flestar áætlanir eru til staðar og hafa verið endurskoðaðar nýlega. Vöktunaráætlun hefur þó ekki verið uppfærð og er rekstraraðila bent á að vöktunaráætlun samþykkt af eftirlitsaðila skal vera til staðar.

Rekstraraðili er með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda og var skírteini því til staðfestingar sent eftirlitsaðila að eftirlitinu loknu.

### 5. Önnur mál

Þjálfunarskrá fyrir nýtt starfsfólk rekstraraðila var skoðuð og var fullnægjandi.

### 6. Skoðunarferð

Siglt var að kvíum á Gripalda og Sigmundarhúsi. Slátrun var hafin og gert ráð fyrir að henni verði lokið um áramót. Prammar voru skoðaðir, geymsla mengandi efna var fullnægjandi sem og merkingar á meltutanki.

#### ÁBENDINGAR

Vöktunaráætlun hefur ekki verið uppfærð. Rekstraraðila er bent á að uppfæra vöktunaráætlun sína og taka m.a. tillit til krafna sem gerðar eru til vöktunar á vatnshlotum sbr. stjórn vatnamála.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 18.10.2024

*Sigr. Kristinsd*

Sigríður Kristinsdóttir